



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 5/2012

Drög að reglum um viðbótareiginfjárliði

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 10. ágúst nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flippann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

28. júní 2012

Drög að reglum um viðbótareiginfjárliði fyrir fjármálafyrirtæki

1. gr.

Til eiginfjárbátta A, sbr. 5 mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, er heimilt að telja:

1. Eiginfjárbréf (e. hybrid capital) sem uppfyllir skilyrði 2. gr., 5. gr. og 7. gr. þessara reglna (e. contingent convertible capital)
2. Eiginfjárbréf sem uppfyllir skilyrði 3. gr., 5. gr., 6. gr. og 7. gr. þessara reglna (e. non-innovate hybrid capital)
3. Eiginfjárbréf sem uppfyllir skilyrði 4. gr., 5. gr., 6. gr. og 7. gr. þessara reglna (e. innovate hybrid capital)

2. gr.

Eiginfjárbréf samkvæmt 1. tölulið 1. gr. skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Bréfið tilgreini ekki gjalddaga,
2. Endurgreiðsla höfuðstóls eiginfjárbréfs er ekki heimil¹. Útgefanda er heimilt að umbreyta eiginfjárbréfi í hlutafé eða stofnfé, sbr. 5 mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki,²
3. Í skilmálum eiginfjárbréfs skal koma fram við hvaða skilyrði skuli umbreyta eiginfjárbréfi í hlutafé eða stofnfé. Skilyrðin skulu miðast við að fjármálafyrirtæki hafi ekki farið undir lágmarkskröfur um eigið fé, sbr. 11. mgr. 14. gr., a. lið 1 mgr. og 4 mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki,³
4. Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af fjárhags- og eiginfjárstöðu fjármálafyrirtækis, krafist að eiginfjárbréfinu sé umbreytt í hlutafé eða stofnfé, sbr. 5 mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki⁴ og
5. Vextir reiknast einungis á þau eiginfjárbréf sem ekki hefur verið umbreytt.⁵

Breytihlutfall (e. conversion ratio) eiginfjárbréfa yfir í hlutafé eða stofnfé skal ákvarðast á útgáfudegi bréfsins og skal hlutfallið miðast við markaðsvirði hlutfjár eða stofnfjár á þeim tíma, sbr. þó 3. mgr.

Ef markaðsvirði hækkar umfram breytihlutfallið, þá minnkar það magn hlutfjár eða stofnfjár sem fæst fyrir eiginfjárbréfið, ef markaðsvirði lækkar þá eykst ekki magn hlutfjár eða stofnfjár. Fjármálaeftirlitið getur heimilað breytingu á breytihlutfallinu.⁶

¹ Samanber sænskar reglur (FFFS 2007:1, Avsnitt C, 7 kap 16a§).

² Art. 66 1a (a), Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

³ Implementation Guidelines for Hybrid Capital Instrument (IGfHCI), paragraph 124.

⁴ Art. 66 1a (a), Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

⁵ Samanber sænskar reglur (FFFS 2007:1, Avsnitt C, 7 kap 16a§).

⁶ IGfHCI, paragraph 134 and 135.

3. gr.

Eiginfjárbréf samkvæmt 2. tölulið 1. gr. skal ekki innihalda hvata útgefanda til innlausnar (e. incentive to redeem) og ekki tilgreina neinn gjalddaga⁷. Eiginfjárbréfið má þó innihalda ákvæði um innköllunarrétt útgefanda (e. call option)⁸ og er ekki litið á rétt til innköllunar sem hvata útgefanda til innlausnar.⁹

4. gr.

Eiginfjárbréf samkvæmt 3. tölulið 1. gr. skal annað hvort vera:¹⁰

1. Tímabundið eiginfjárbréf, með lokagjalddaga eftir að lágmarki 30 ár, og án hvata útgefanda til innlausnar annan en lokagjalddaga¹¹, eða
2. Ótímabundið eiginfjárbréf sem tilgreinir ekki gjalddaga og inniheldur hóflega hvata útgefanda til innlausnar. Við mat á því hvort hvati teljist hóflegur skal m.a. líta til verðmætis hans í hlutfalli við vaxtaþrósentu, sbr. b-lið 2. mgr. 4. gr. og fyrirsjáanlegra áhrifa hans á fjárhagslegt heilbrigði fjármálafyrirtækis.

Eiginfjárbréfið má innihalda:

- a. Hóflegan hvata til innlausnar eiginfjárbréfsins, sem má aðeins koma fram einu sinni á líftíma þess. Í fyrsta lagi má nýta hvatann 10 árum frá útgáfudegi bréfsins.¹²
- b. Einungis er heimilt að endurskoða í eitt skipti þá vexti sem kveðið er á um í eiginfjárbréfinu. Ef vextirnir eru hækkaðir (e. step-up), má það ekki leiða til þess að fjármagnskostnaður útgefanda á síðara tímabilinu verði hærri en endurskoðaður vaxtagrunnur að viðbættu upphaflegu áhættuálagi en að frádregnum mismuninum á endurskoðaða vaxtagrunninum miðað við upphaflega útgáfu bréfsins annars vegar og upphaflega vaxtagrunninum hins vegar og að viðbættu 1% stigi eða 50% af upphaflega áhættuálaginu,¹³ sbr. ennfremur formúlu síðar undir þessum staflið.

Með upphaflegu áhættuálagi er átt við áhættuálag, svonefnt útlánaálag, ofan á upphaflegan vaxtagrunn, t.d. vexti af ríkisskuldabréfum með svipaðri tímalengd og endurskoðunarákvæði vaxta miðast við. Vaxtagreiðslur samkvæmt þessum tölulið skulu miðast við niðurfærðan höfuðstól, sbr. 7. gr., sé um slíkt að ræða.

Formúla fyrir endurskoðaða vexti er eftirfarandi: Endurskoðaðir vextir = $EVG + UÁÁ - (EVGU - UVG) + 1\% \text{ eða } + (50\% * UÁÁ)$, þar sem EVG er endurskoðaður vaxtagrunnur; UÁÁ er upphaflegt áhættuálag; EVGU er endurskoðaður vaxtagrunnur miðað við upphaflega útgáfu bréfsins og UVG er upphaflegur vaxtagrunnur.¹⁴

⁷ Art. 66 1a (a), Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

⁸ Art. 63a 2, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

⁹ IGfHCI, paragraph 56.

¹⁰ Samanber sænskar og norskar reglur.

¹¹ Sænskar og norskar reglur takmarka tímabundin eiginfjárbréf við „innovated“ bréfin.

¹² Art. 63a 2, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

¹³ IGfHCI, paragraph 53.

¹⁴ Sama útskýring og í gömlu reglunum (nr. 156/2005), sænsku reglurnar sýna einnig dæmi.

Ef hvati útgefanda til innlausnar á ótímabundnu eiginfjárbréfi skv. 3. tölul. 1. gr. er ekki nýttur, þá er óheimilt að flokka bréfið með eiginfjárbréfum skv. 2. tölulið 1. gr.¹⁵

5. gr.

Eiginfjárbréf, samkvæmt 1., 2. eða 3. tölulið 1. gr., skal uppfylla eftirfarandi skilyrði¹⁶:

1. Útgefandi eiginfjárbréfs getur, með hliðsjón af fjárhagsstöðu útgefanda, stöðvað vaxtagreiðslur um óákveðinn tíma,
2. Stöðva skal vaxtagreiðslur ef útgefandi uppfyllir ekki skilyrði um lágmarks eigið fé, sbr. 11. mgr. 14. gr., a. lið 1. mgr. og 4 mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og
3. Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af fjárhags- og eiginfjárstöðu útgefanda, stöðvað vaxtagreiðslur.

Ef Fjármálaeftirlitið stöðvar vaxtagreiðslur, þá getur útgefandinn, með samþykki Fjármálaeftirlitsins, skipt út vaxtagreiðslum með greiðslu í formi hlutafjár eða stofnfjár. Samþykki Fjármálaeftirlitsins er háð því að fjárhags- og eiginfjárstaða útgefanda sé ásættanleg eftir útgreiðsluna.

Við mat á því hvort fjárhags- og eiginfjárstaða útgefanda sé ásættanleg lítur Fjármálaeftirlitið m.a. til eftirfarandi þátta:

1. hversu mikið eiginfjárstaða útgefanda er umfram lágmarkskröfur,
2. fyrirsjáanlegrar þróunar á fjárhagsstöðu útgefanda og
3. fjárhagslegs heilbrigðis útgefanda að öðru leyti.

Vaxtagreiðslur eru einungis heimilar innan þeirra marka sem óráðstafað eigið fé leyfir enda séu lágmarks eiginfjárkröfur jafnframt uppfylltar eftir að tekið hefur verið tillit til vaxtagreiðslna.¹⁷ Komi ekki til vaxtagreiðslna á tilteknu ári eða árabili safnast þær ekki upp.¹⁸

Ákvæði um takmarkanir á vaxtagreiðslum gilda einnig um aðrar greiðslur af eiginfjárbréfinu.¹⁹

6. gr.

Eiginfjárbréf, samkvæmt 2. og 3. tölulið 1. gr., skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Hægt sé að innleysa eða endurfjármagna bréfið í fyrsta lagi eftir 5 ár frá útgáfudegi þess, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.²⁰
2. Fjármálaeftirlitið geti heimilað endurfjármögnun eiginfjárbréfs áður en 5 ár eru liðin frá útgáfu þess ef endurfjármögnunin er gerð með bréfum sem hafa samskonar eða betri eiginfjárgildi.²¹

¹⁵ IGFHCI, paragraph 57.

¹⁶ Art. 63a 3, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

¹⁷ IGFHCI, paragraph 78.

¹⁸ Art. 63a 3, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

¹⁹ Skv. Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

²⁰ Art. 63a 2, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

3. Fjármálaeftirlitið geti á hverjum tíma heimilað innlausn eða endurfjármögnun eiginfjárbréfa skv. 2. og 3. tölul. 1. gr. ef ófyrirsjáanlegar breytingar verða á gildandi skattareglum og flokkun þessara eiginfjárbréfa sbr. 1. gr.²²

Heimild Fjármálaeftirlitsins varðandi innlausn eða endurfjármögnun, verður aðeins veitt að fyrirsjáanleg fjárhags- og eiginfjárstaða útgefanda teljist ásættanleg eftir innlausn eða endurfjármögnun bréfanna.²³ Fjármálaeftirlitið getur því aðeins veitt heimild til innlausnar tímabundins eiginfjárbréfs á gjalddaga að krafan um lágmarks eigið fé, sbr. 11. mgr. 14. gr., a. lið 1. mgr. og 5 mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sé uppfyllt.²⁴

Auk þess sem að framan greinir skal eiginfjárbréfið uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. skilmálar eiginfjárbréfsins skulu tilgreina við hvaða aðstæður skuli niðurfæra eiginfjárbréfið, ásamt ógreiddum vöxtum,²⁵
2. skilmálar eiginfjárbréfsins skulu tilgreina með hvaða hætti niðurfærsla eiginfjárbréfs á sér stað,²⁶
3. útgefandi eiginfjárbréfs getur ákvarðað einhliða niðurfærslu eiginfjárbréfs,
4. Fjármálaeftirlitið getur, með hliðsjón af fjárhags- og eiginfjástöðu, krafist niðurfærslu eiginfjárbréfs,²⁷
5. niðurfærsla höfuðstóls er endanleg og óafturkræf,²⁸ og
6. vextir af eiginfjárbréfinu skulu aðeins greiddast af þeim hluta sem eftir stendur eftir niðurfærslu.

7. gr.

Útgefandi eiginfjárbréfs samkvæmt reglum þessum skal fá andvirði þess til ráðstöfunar við útgáfu bréfsins. Útgáfu eiginfjárbréfs skal tilkynna til Fjármálaeftirlitsins.

Eiginfjárbréf má ekki vera tryggt af útgefanda, fela í sér ábyrgð aðila tengdum útgefanda né veita kröfuhafa með neinum öðrum hætti forgang eða betri rétt gagnvart öðrum kröfuhöfum.²⁹

1. Samtala eiginfjárbréfa samkvæmt 1., 2. og 3. tölulið 1. gr. má að hámarki nema 50% af eiginfjárþætti A í eiginfjárútreikningi.
2. Samtala eiginfjárbréfa samkvæmt 2. og 3. tölulið 1. gr. má að hámarki nema 35% af eiginfjárþætti A í eiginfjárútreikningi.
3. Samtala eiginfjárbréfa samkvæmt 3. tölulið 1. gr. má að hámarki nema 15% af eiginfjárþætti A í eiginfjárútreikningi.

²¹ Art. 63a 2, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

²² Art. 63a 2, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

²³ IGfHCl, paragraph 60-66. Auk IGfHCl, paragraph 67-69

²⁴ Art. 63a 2, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

²⁵ Art. 63a 4, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111. Einnig IGfHCl, paragraph 114.

²⁶ IGfHCl, paragraph 114.

²⁷ IGfHCl, paragraph 115.

²⁸ IGfHCl, paragraph 114a).

²⁹ IGfHCl, paragraph 104 og 107

Framangreind háþörk gilda bæði fyrir móðurfélag og samstæðu. Fjármálaeftirlitið getur heimilað fjármálafyrirtæki að fara tímabundið út fyrir þessi mörk ef sérstakar og veigamiklar ástæður mæla með því.³⁰

Við gjaldþrot eða slit útgefanda falli kröfur samkvæmt eiginfjárbréfinu, að meðtöldum þeim hluta sem samsvarar niðurfærslu sbr. 2. tölulið 7. gr., á eftir kröfum skv. 109-114. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, þ.e. séu greiddar á eftir öllum öðrum kröfum á útgefanda en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár.³¹

Auk þeirra skilyrða vegna útgáfu eiginfjárbréfa sem getið er um í reglum þessum skulu öll eiginfjárbréf innihalda ákvæði um að eigandi bréfsins geti ekki þvingað útgefandann í slit eða gjaldþrot vegna ráðstafana sem útgefandi eða Fjármálaeftirlitið grípa til samkvæmt reglum þessum.³²

8. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 10. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og öðlast þegar gildi. Við gildistöku falla reglur nr. 156/2005 um viðbótareiginfjárliði fyrir fjármálafyrirtæki úr gildi

Fjármálaeftirlitinu, 28. júní 2012

Unnur Gunnarsdóttir

Haldóra E. Ólafsdóttir

³⁰ Art. 66 4, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

³¹ Art. 63a 5, Dir. 2006/48 með breytingum Dir. 2009/111.

³² IGfHCI, paragraph 76, 104 og 107